



**West Seafood ehf., Hafnarbakka 5, 425 Flateyri
Hlunnar ehf., Drafnargötu 6, 425 Flateyri
ÍS-47 ehf., Fagraholti 3, 400 Ísafirði**

Sauðárkróki 1. ágúst 2019

Yfirlýsing um riftun samnings um Aflamark Byggðastofnunar á Flateyri

Vísað er til bréfs Byggðastofnunar dags. 17. júlí 2019 þar sem aðilum að samkomulagi um aukna byggðafestu á Flateyri (Aflamark Byggðastofnunar), dags. 27. ágúst 2018, var kynnt sú afstaða Byggðastofnunar að svo verulegir annmarkar væru á framkvæmd samkomulagsins að til skoðunar væri að rifta því. Var samningsaðilum gefinn frestur til 24. júlí til andmæla og hafa stofnuninni borist bréf þar sem lýst er sjónarmiðum þeirra.

Ástæða riftunar er sú að nánast frá upphafi hafa verið verulegir hnökrar á samstarfi samningsaðila og ásakanir gengið á víxl þeirra á milli um samningsbrot. Fyrir liggur að veruleg vanhöld hafa verið á greiðslum frá West Seafood ehf. til Hlunna ehf. og ÍS-47 ehf. vegna landaðs afla til vinnslu hjá West Seafood ehf. Með bréfi Byggðastofnunar til samningsaðila í lok janúar sl. var kynnt það álit Byggðastofnunar að hún teldi vera svo alvarleg frávik frá framkvæmd samkomulagsins að til skoðunar væri að rifta því. Var samningsaðilum gefinn kostur á að andmæla þeim áformum og jafnframt að senda stofnuninni raunhæfa áætlun um áframhald samkomulagsins. Í stuttu máli sagt náðist ekki að jafna ágreining aðila um framkvæmd samstarfs þeirra eða að koma á raunhæfri áætlun um framhald þess. Raunar lagði ÍS-47 ehf. fram kröfu til Héraðsdóms Vestfjarða um að West Seafood ehf. yrði tekið til gjaldþrotaskipta á grundvelli árangurslauss fjárnáms sem gert hafði verið hjá félagini í lok nóvember 2018. Gjaldþrotaskiptum var þó afstýrt í lok mars



sl. þegar West Seafood ehf. greiddi skuld sína við ÍS-47 ehf. Skuld við Hlunna ehf. er ógreidd að sögn forsvarsmanna félagsins, en síðast var greitt inn á hana í lok mars sl.

Með bréfum til Byggðastofnunar nú í júlí mánuði staðfesta bæði Hlunnar ehf. og ÍS-47 ehf. að þau hafi fyrir nokkru hætt löndun hjá West Seafood ehf. vegna þessara vanefnda og þess að ekki hafa verið settar tryggingar fyrir greiðslu fyrir landaðan afla.

Í bréfi ÍS-47 ehf. kemur fram að nú í júlí mánuði hafi verið gerð 3 árangurslaus fjárnám hjá West Seafood ehf. og er það staðfest með vottorði frá Creditinfo.

Af öllu þessu má ráða að markmiðum samkomulags Byggðastofnunar og framangreindra aðila um aukna byggðafestu á Flateyri, dags. 27. ágúst 2018 þar sem fram kemur í 1. gr. að megin markmið samningsins er að stuðla að aukinni byggðafestu á Flateyri með stöðugri heilsárs fiskvinnslu og að skapa og viðhalda sem flestum heilsársstörfum fyrir karla og konur við veiðar, vinnslu og afleidda starfsemi á Flateyri, verði ekki náð innan ramma þess og að aðilar eru hættir að vinna eftir því.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem liggja fyrir um framkvæmd samningsins og samningsaðilar hafa staðfest með áðurgreindum bréfum sínum nú í þessum mánuði, er það mat Byggðastofnunar að markmið samkomulagsins muni ekki nást og að ekki hafi verið staðið við ákvæði hans eins og lýst er hér að framan. Forsendur samkomulagsins séu því brostnar og að ekki verði hjá því komist að rifta því.

Samkvæmt 9. gr. reglugerðar nr. 643/2016 er eftirlit með framkvæmd reglna um aflamark Byggðastofnunar í höndum Byggðastofnunar í samráði við viðkomandi sveitarstjórn og atvinnuþróunarfélag. Sé það mat þessara aðila að um alvarleg frávik sé að ræða frá ákvæðum samningsins, getur Byggðastofnun rift honum einhliða hvenær sem er á samningstímanum.

Á símafundi þann 31. maí sl. var málið kynnt fulltrúum Ísafjarðabæjar og atvinnuþróunarfélags Vestfjarða (Vestfjarðastofu). Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar þann 1. júlí sl. var eftirfarandi bókun gerð:

„Bæjarráð harmar þá stöðu sem upp er komin en með vísan til framkominna upplýsinga telur Ísafjarðarbær það hag Flateyringa að nýr aðili komi inn á svæðið með vinnslu og leggur Ísafjarðarbær jafnframt áherslu á að fundin verði lausn til frambúðar. Bæjarráð fellst á það mat Byggðastofnunar að aðstæður séu með þeim



hætti að ekki verði komist hjá riftun á samningi um aflamark Byggðastofnunar á Flateyri.“

Í skriflegu svari Vestfjarðastofu dags. 25. júní sl. kemur fram að "Í ljósi þeirra gagna sem stjórn Vestfjarðastofu hefur fengið aðgang að, má telja einsýnt að West Seafood hafi brotið gegn samningi sínum við Byggðarstofnun. Telur stjórn Vestfjarðarstofu í ljósi þess eðlilega ráðstöfun af hálfu Byggðarstofnunar að rifta samningi við West Seafood á Flateyri."

Á fundi stjórnar Byggðastofnunar þann 1. ágúst 2019 var tekin ákvörðun um að rifta samkomulaginu.

Samkomulagi Byggðastofnunar, Hlunna ehf., West Seafood ehf. og ÍS-47 ehf. um nýtingu 400 þorskígildistonna af aflamarki Byggðastofnunar auk mótfamlaga með það að markmiði að treysta byggðafestu á Flateyri, dags. 27. ágúst 2018, er rift. Riftunin tekur gildi frá og með 31. ágúst n.k.

Ákvörðun þessa má kæra til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra innan þriggja mánaða frá dagsetningu bréfs þessa skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

F.h. Byggðastofnunar



Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri

Afrit: Ísafjarðarbær

Vestfjarðastofa

